



Umhverfisstefna Parfapings hf.

Markmið og ábyrgð

Parfaping hf. er verktakafyrirtæki í byggingariðnaði sem leggur áherslu á sjálfbærni og ábyrga umgengni við náttúruna. Við viljum vera fyrirmynd í umhverfismálum og stuðla að betri framtíð með því að lágmarka neikvæð áhrif starfsemi okkar á umhverfið. Stefnan nær til allrar starfsemi okkar og allra starfsmanna, sem og birgja og samstarfsaðila eftir því sem við á.

Við hjá Parfapingi hf. skuldbindum okkur til að:

- Fylgja viðeigandi lögum og reglum umhverfismála, sem og öðrum kröfum sem við tökum okkur á hendur.
- Draga úr umhverfisáhrifum byggingaframkvæmda með markvissri skipulagningu, vali á vistvænum efnum og hagkvæmri nýtingu auðlinda.
- Minnka úrgang og stuðla að endurvinnslu og endurnýtingu byggingarefna og búnaðar þar sem það er mögulegt.
- Lágmarka notkun orku og stuðla að notkun endurnýjanlegra orkugjafa þar sem því verður við komið.
- Takmarka losun gróðurhúsalofttegunda og önnur mengunaráhrif með vistvænum vinnubrögðum og nútímalegum tækjabúnaði.
- Fræða og hvetja starfsmenn til að tileinka sér vistvæna starfshætti og axla ábyrgð á eigin umhverfisáhrifum.
- Vinna með viðskiptavinum, hönnuðum, birgjum og öðrum samstarfsaðilum að umhverfisvænum lausnum og nýsköpun.
- Endurmeta reglulega umhverfisstefnuna og setja mælanleg markmið til að tryggja stöðugar umbætur.

Stefnan er hluti af gæðakerfi Parfapings hf. og er í sífelldri þróun í takt við nýja þekkingu, tækni og væntingar samfélagsins.

Hafnarfjörður 2025

Stjórn Parfapings hf

Finnur Árnason, form.

Sólveig Sigurpórsdóttir

Eggert E. Jónsson